

stað. Hinn þingmaðurinn telst þá þingmaður Gullbringu- og Kjósarsýslu **20**
samkvæmt 1. gr. 7. maí

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Sorgenfrihöll, 7. maí 1928.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jónas Jónsson.

L Ö G

um

21
7. maí

sölu prestssetursjarðarinnar Garða á Akranesi.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Dan-
merkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri,
Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer stað-
fest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Að fengnu samþykki hlutaðeigandi sóknarprests skal ríkisstjórn-
inni heimilt að selja Ytra-Akraneshreppi í Borgarfjarðarsýslu prestsset-
ursjörðina Garða á Akranesi ásamt þeim hjáleigum jarðarinnar, er ráðu-
neytið telur mega selja frá prestakallinu.

2. gr.

Um mat á því, er selt verður, og greiðslu kaupverðs fer eftir
ákvæðum laga nr. 50, 16. nóv. 1907, um sölu kirkjujarða.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Sorgenfrihöll, 7. maí 1928.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jónas Jónsson.